

## AUGLÝSING

um

40

1. sept.

**kosning landskjörins alþingismanns og varaþingmanns og um kosning alþingismanns fyrir Dalasýslu, alþingismanns fyrir Rangárvallasýslu og tveggja alþingismanna fyrir Reykjavík.**

Með því að landskjörinn alþingismaður Jón Magnússon og varaþingmaðurinn með honum, Sigurður Sigurðsson, eru báðir látnir, og með því að ennfremur sæti alþingismanns fyrir Dalasýslu, Bjarna Jónssonar frá Vogu, alþingismanns fyrir Rangárvallasýslu, síra Eggerts Pálssonar, og alþingismanna fyrir Reykjavík, Jóns Baldvinssonar og Jóns Þorlákssonar, eru orðin auð, þar sem Bjarni Jónsson frá Vogu og síra Eggert Pálsson eru látnir, og Jón Baldvinsson og Jón Þorláksson eru nú landskjörnir alþingismenn, þá er hjer með samkvæmt 76. gr. og 53. gr. laga nr. 28 frá 1915, um kosningar til Alþingis, sbr. 11. gr. laga nr. 11 frá 1920, um þingmannakosning í Reykjavík, fyrirskipað, að kosning skuli fara fram á landskjörnum alþingismanni og varaþingmanni í stað Jóns Magnússonar og Sigurðar Sigurðssonar, og ennfremur á alþingismanni fyrir Dalasýslu í stað Bjarna Jónssonar frá Vogu, alþingismanni fyrir Rangárvallasýslu í stað síra Eggerts Pálssonar og á tveimur alþingismönnum fyrir Reykjavík í stað Jóns Baldvinssonar og Jóns Þorlákssonar, á öllum þingmönnum fyrir þann tíma, er hinir látnu og fráförnu þingmenn áttu eftir.

Skulu kosningar þessar allar, bæði landskosningarnar og kjördæmakosningarnar, fara fram hinn fyrsta vetrardag á þessu ári.

Hinn lögmælti framboðsfrestur við landskosningarnar er stytur þannig að framboðsfresturinn er til 20. september, að þeim degi meðtöldum.

Þetta er hjer með birt öllum þeim, er hlut eiga að máli, og hefir verið lagt fyrir hlutaðeigandi kjörstjórnir að undirbúa kosningar þessar og sjá um að þær fari fram samkvæmt fyrirmælum kosningalaganna.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 1. september 1926.*

Magnús Guðmundsson.

*Sigfús M. Johnsen.*